

Morgunblaðið

G A G N A S A F N

Föstudaginn 11. júlí, 2003 - Aðsendar greinar

Sjálfbær nýting lifandi auðlinda

Bókin "Embracing the Earth's Wild Resources - A Global Conservation Vision" eftir Eugène Lapointe hefur að geyma skoðanir og greiningu höfundar á nýtingu og vernd lifandi auðlinda í heiminum og yfirlit yfir alþjóðasamninga, alþjóðastofnanir og frjáls félagasamtök sem sinna þessum málum.

NÝLEGA kom út hjá Éditions du Scribe í Quebec í Kanada bókin "Embracing the Earth's Wild Resources - A Global Conservation Vision" eftir Eugène Lapointe. Bókin er kilja, 167 bls. Hún hefur einnig verið gefin út á frönsku og spænsku og er væntanleg á japönsku. Bókin hefur að geyma skoðanir og greiningu höfundar á nýtingu og vernd lifandi auðlinda í heiminum og yfirlit yfir alþjóðasamninga, alþjóðastofnanir og frjáls félagasamtök sem sinna þessum málum. Margháttaðar upplýsingar um sjávarspendýr er einnig að finna í bókinni.

Höfundurinn Eugène Lapointe er Kanadamaður, fæddur og uppalinn í sveitahéraði í Quebec. Hann segir í formálsorðum: "Sjö ára gamall var ég farinn að veiða fisk, fugl og héra til að afla fjölskyldunni matar en við bjuggum 50 kílómetra frá siðmenningunni. Þarna lærði ég að til þess að lifa af verður maður að fara sparlega með gjafir móður náttúru. Við höfðum ekkert rafmagn, engar búðir, engan skóla. Við vorum náttúrunni háð um kjöt, fisk og eldivið. Við áttum henni líf að launa."

Bókin er helguð sjálfbærri nýtingu lifandi auðlinda náttúrunnar, ekki síst sjávarspendýra, en fiskistofnar og aðrar dýrategundir svo sem fílar, sæskjaldbökur og hákarlar koma einnig við sögu.

Fáir eru betur til þess fallnir að fjalla um þessi mál en Eugène Lapointe. Hann hefur verið ötull baráttumaður fyrir sjálfbærri nýtingu í meira en tvo áratugi. Hann var yfirmaður skrifstofu CITES-samningsins um bann gegn viðskiptum með afurðir dýra í útrýmingarhættu, frá 1982 til 1990. Háttsettir bandarískir embættismenn og 28 samtök sem kenna sig við umhverfisvernd höfðu forgöngu um að hrekja hann úr starfi í nóvember 1990 með upplognum ásökunum um spillingu. Honum var lýst sem ótíndum glæpamanni, "spilltasta embættismanni Sameinuðu þjóðanna" sem bæri ábyrgð á dauða allra fíla í Afríku. Meginástæðan fyrir aðförinni var sú að hann studdi sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda. Eugène Lapointe leitaði réttar síns og í mars 1993 skilaði nefnd dómara á vegum Sameinuðu þjóðanna einróma niðurstöðu: Hann hafði í engu gerst brotlegur í starfi. Hins vegar hafði verið brotið alvarlega á honum með því að víkja honum úr starfi að tilefnislausu. Voru honum dæmdar miskabætur og mannorð hans hreinsað. Eugène Lapointe kaus að hverfa ekki aftur til starfa hjá CITES heldur gekkst hann fyrir stofnun IWMC - World Conservation Trust(www.iwmc.org) en það er stofnun sem beitir sér fyrir sjálfbærri nýtingu lifandi auðlinda náttúrunnar og hefur mjög látið til sín taka á alþjóðavettvangi undanfarin ár. Frá þessu segir nánar í 7. kafla bókarinnar.

Í bókinni flytur hann mál sitt af sannfæringarkrafti þess sem gjörþekkir efnið og freistar þess að gefa heildarsýn yfir stöðu þessara mála í veröldinni í dag.

Gagnrýni hans á öfgasamtök, sem kenna sig við náttúruvernd og beita ósannindum og hálf sannleik til að hafa fé af fólki, er sannfærandi, beinskeytt og vel rökstudd. Hann flettir ofan af hræsni og tvískinnungi sem einkennir málflutning margra þessara samtaka. Í bókinni er gefin glögg mynd af því hvernig andstæðingum sjálfbærrar nýtingar lifandi auðlinda hefur tekist að snúa tveimur alþjóðasamningum um vernd og nýtingu dýrastofna upp í andhverfu sína. Þetta eru samningurinn um stjórn og þróun hvalveiða sem starf Alþjóðahvalveiðiráðsins byggist á og CITES-samningurinn. Lærdómsrík lesning.

Ekki er síður fróðlegt að lesa skrif hans um hugsjónaárekstrana milli þeirra sem lifa í nánú sambandi við náttúruna og nýta hana sér til lífsviðurværis og borgarbúa vestrænna samfélaga sem sumir hverjir telja það villimennsku og jafnvel jaðra við mannát að neyta kjöts af sjávarspendýrum, - hvölum og selum. Margir íbúar Vesturlanda lifa svo langt frá náttúrunni og eru svo veruleikafirrtir að það hvarflar varla að þeim að það þurfi að deyða dýr til þess að þeir geti lagt sér kjöt til munns.

Margir muna þegar Grænfríðungar eyðilögðu markað Grænlandinga fyrir selskinn og kipptu stoðunum undan atvinnu og lífsviðurværi fjölmargra byggðarlaga í Grænlandi þar sem lífið var selveiðar. Máttu svo ferðast um landið síðar og biðja Grænlandinga afsökunar. Þeir vissu ekki hvað þeir voru að gera. Það var of seint í rassinn gripið.

Íbúar stórborganna í velmegunarsamfélögum Vesturlanda hafa engan rétt til þess að leggja öðrum lífsreglurnar í umgengni við lifandi auðlindir náttúrunnar og þröngva malbikuðum skoðunum sínum upp á þá sem lifa í sátt við náttúruna.

Fyrir þjóð eins og Íslendinga sem á allt sitt undir sjálfbærri nýtingu lífríkisins í hafinu umhverfis Ísland er þessi bók ekki bara fróðleg lesning, heldur greiðir hún leið nýjum skilningi á því sem er að gerast í þessum efnum í veröldinni. Þar á sér stað þróun sem við þurfum að gefa gaum og bregðast við. Þessi bók ætti að vera skyldulesning hjá stjórnáráðgjöf og fjölmiðlamönnum. Höfundurinn spyr til dæmis: Hvernig stendur á því að á fundum CITES-samningsins eru tugir fulltrúa frá alls kyns samtökum sem kenna sig við umhverfisvernd en eru í rauninni að berjast gegn sjálfbærri nýtingu, - vilja stöðva alla nýtingu og telja það af hinu góða, en á fundunum sést yfirleitt ekki einn einasti fulltrúi samtaka sem styðja sjálfbæra nýtingu. Þar er enginn frá samtökum fiskimanna og fiskvinnslu eða frá frumbyggjum. Þessu hafa fleiri velt fyrir sér sem hafa sótt þessa fundi og orðið vitni að vinnubrögðum svokallaðra náttúruverndarsinna þar.

Bókin geymir greinargott yfirlit yfir það alþjóðastarf sem nú fer fram á þessu sviði svo og skrá yfir helstu frjáls félagasamtök sem segjast starfa að náttúruvernd. Þeim skiptir höfundur í þrjá flokka: a) Hin margræðu (stundum jákvæð, stundum neikvæð). Í þann flokk setur hann World Wildlife Fund, sem með fjárframlögum hefur stutt hvalaskoðun á Íslandi. b) Öfgasamtök (einkum samtök sem kenna sig við réttindi dýranna). Þar í flokki eru m.a. Greenpeace og Animal Welfare Institute. c) Umhverfis-hryðjuverkasamtök (Eco-terrorists). Í þeim hópi eru PETA-

samtökin (People for Ethical Treatment of Animals), sem staðið hafa að margháttuðum skemmdarverkum og Sea Shepherd-samtökin, sem framið hafa ódæðisverk á Íslandi.

Samtals hafa þessi samtök úr að spila tugum ef ekki hundruðum milljóna dollara á ári.

Það er galli á bókinni, að í henni er ekki atriðisorðaskrá eða nafnaskrá. Þannig mundi hún nýtast enn betur sem uppflettirit. Úr þeim ágalla verður vonandi bætt í næstu útgáfu.

Jafnvel þeir sem telja sig þekkja sæmilega vel til þessara mála verða margs vísari við lestur þessarar bókar. Hún vekur okkur til umhugsunar um mál sem skipta sköpum fyrir okkur Íslendinga.

Eftir Eið Guðnason

Höfundur er fyrrverandi umhverfisráðherra.

© Morgunblaðið, 2003